



Reykjanesbær
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Garðabæ, 30. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0006

NA

Efni: Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040

Vísað er í erindi frá Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja, frá 4. desember 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar fyrir nýtt Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og kemur með eftirfarandi athugasemdir. Náttúrufræðistofnun skilaði inn umsögn þann 24. janúar 2025 um vinnslutillöguna og á hún að öllu leyti við áfram. Nokkrar athugasemdanna eru ítrekaðar hér að neðan ásamt nánari umfjöllun um ákveðna þætti.

Kafla 1 - Forsendur

Eins og kom fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar við vinnslutillöguna er ekki er fjallað um náttúruvernd í kafla um áherslur endurskoðunarinnar, og ítrekar stofnunin athugasemd úr fyrri umsögn að rétt væri að fjalla um náttúruvernd í sér kafla. Fjallað er um náttúruvernd víða í tillögunni enda er náttúran á Reykjanesskaga, og þá sérstaklega jarðfræðin, einstök og verðskuldar að mati Náttúrufræðistofnunar ítarlegri og heildstæðari umfjöllun.

Kafla 2 - Loftslagsmál

Náttúrufræðistofnun benti á í fyrri umsögn að jákvætt er að varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni skuli vera eitt þeirra atriða sem nefnt er í kafla 2.2 *Leiðarljós* en að ekki væri fjallað frekar um þetta atriði í markmiðunum. Ekki hefur verið brugðist við þessari athugasemd og hvergi annars staðar í tillögunni er fjallað um líffræðilega fjölbreytni. Til að mynda mætti bæta við að huga ætti að líffræðilegri fjölbreytni í punkti þrjú í leiðarljósi í kafla 5 um auðlindir.

Gert er ráð fyrir að stofna umhverfis- og loftlagsráð Suðurnesja sem er jákvætt. Bent var á í fyrri umsögn að rétt væri að ráðið fjallaði líka um náttúruvernd, líffræðilega fjölbreytni og verndun landslags og jarðminja. Ekki var brugðist við þessari athugasemd og ítrekar stofnunina hana.

Kafla 3 - Náttúruvá

Í umhverfismatskýrslu er bent á að nokkur möguleg efnistökusvæði liggja innan eða í nánd við verndarsvæði og jarðminjar, m.a. á eldhraunum og við friðlýstar eða friðunarskyldar jarðmyndanir, og að aukin efnistaka geti raskað jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Mikilvægt er að meta áhrif fyrirhugaðs rasks vegna efnistöku á verndargildi, landslag og ásynd svæðanna áður en ákvarðanir eru teknar. Náttúrufræðistofnun telur að heppilegt væri að skilgreina svæði sem mun ekki vera raskað fyrir efnistöku.



Kaflí 5 - Auðlindir

Fram kemur í tillögunni að sextán náttúruverndarsvæði eru á Suðurnesjum og umfang allra svæða á náttúruminjaskrá er um 60% af heildarflatarmáli Suðurnesja. Þetta hlutfall sýnir að sérstæð náttúra er eitt af megineinkennum Reykjanesskagans og hafa bæði sveitarfélög og ríki markað stefnu um verndun hennar.

Jákvætt er að stefna svæðisskipulagsins sé að standa vörð um sérstöðu Reykjanesskagans og verndarsvæða sem þar eru. Hins vegar er í tillögunni ekki talin þörf á að fjölga náttúruverndarsvæðum eða stækka þau sem fyrir eru og nefnt að friðlýsing feli í sér takmarkanir á landnotkun. Í markmiði M5.4 kemur síðan fram „Sérstæðar jarðmyndanir á heimsmælikvarða ber að vernda“. Náttúrufræðistofnun tekur undir þessa aðgerð en bendir á að núverandi svæðisskipulag styður ekki það markmið þar sem ekki er á dagskrá að vernda eða styrkja vernd á fleiri svæðum en gert er í dag.

Náttúrufræðistofnun ítrekar eftirfarandi úr fyrri umsögn: „Á Suðurnesjum er aðeins eitt friðland, Eldey, og eitt náttúruvætti, Eldborgir undir Geitahlíð. Fólkvangarnir, Reykjanesfólkvangur og Bláfjallafólkvangur og svæði á náttúruminjaskrá veita ekki eins sterka vernd og því er mikilvægt að hugað sé að frekari friðlýsingu svæða á Suðurnesjum. Í Þingsáætlun um náttúruverndaráætlun 2004-2008, sem samþykkt var 28. maí 2004 var ályktað að unnið skyldi að friðlýsingu 14 svæða á landinu á næstu fimm árum. Eitt þessara svæða var Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg sem sagt var „...einstakt svæði á heimsvísu, þar má sjá framhald úthafshryggs á þurru landi, þar sem tvær jarðskorpuplötur gliðna í sundur.“ Ekkert hefur orðið af þeirri friðlýsingu og verndargildi eins merkasta jarðminjasvæðis landsins hefur rýrnað nokkuð frá því þingsályktunin var samþykkt. Mikilvægt er að huga að því að friðlýsa a.m.k. hluta þessa svæðis sem hefur verulega hátt verndargildi á heimsvísu og telst eitt merkasta jarðminjasvæði landsins“.

Eldstöðin á Reykjanesi er á lista Alþjóðajarðfræðisambandsins (IUGS) yfir 100 merka jarðminjastaði í heiminum vegna tengingu hennar við Mið-Atlantshafshrygginn. Þar má sjá gliðnun jarðlaga, misgengi og gossprungur. Auk þess er gossaga, berggerð og jarðhitasvæði Reykjaness mjög áhugaverð ([The Mid-Atlantic ridge on Reykjanes - IUGS](#)). Eitt af markmiðunum með listanum er að stuðla að varðveislu merkra jarðminjastaða. Viðurkenningin er staðfesting á sérstöðu svæðisins á heimsvísu og undirstrikar mikilvægi frekari verndunar þess.

Jákvætt er að hlífa eigi strandlínunum sem mest fyrir raski og er það í takti við náttúruverndargildi helstu strandsvæða sem eru t.d. mörg á gildandi náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að styrkja verndun margra þeirra s.s. á Rosmhvalanesi, Ósabotnum, Vatnsleysuströnd og víðar vegna mikilvægi þeirra fyrir fjöruvistgerðir og búsvæði fugla. Hafa svæði meðal annars verið tilnefnd á B-hluta náttúruminjaskrár og ætti að horfa til þess að friðlýsa svæðin eða friða vistgerðir og búsvæði tegunda innan þeirra. Æskilegt væri að svæðisskipulagið liti til þessara þátta.

Nokkrar vistgerðir með hátt verndargildi finnast á svæðinu og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, þar með talið hveravistgerðir, mosamóavist og lyngmóavist. Einnig finnast sjávarfitjungavistir og strandvötn sem falla undir sérstakra vernd í 61. gr. laga um náttúruvernd ([Fjolrit 54.pdf](#)). Á svæðinu finnast nokkrar plöntur á valista og ber þar helst að nefna naðurtungu og laugadeplu sem finnast á háhitasvæðum. Þær eru einnig friðaðar á grundvelli reglugerðar nr. 1385/2021 ([Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna.](#)) og taldar vera í nokkurri hættu (VU) ([Válisti æðplantna 2018 | Náttúrufræðistofnun](#)). Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að veita nánari upplýsingar um tegundir á válista.

Á Rosmhvalanesi er mikilvægt fuglasvæði en þar er langstærsta sílamáfsvarp landsins. Krýsuvíkurborg er mikilvæg sjófuglabyggð og þótt að einungis hluti svæðisins sé innan Suðurnesja er mikilvægt að hafa það í huga. Nokkur svæði eru síðan á náttúruminjaskrá vegna fuglalífs. Nokkrar tegundir sem sést hafa í fuglatalningum Náttúrufræðistofnunar eru á válista, eins og fýll sem er í bráðri hættu (EN) og heiðlóa



og spói sem eru í nokkurri hættu (VU). Þær tegundir flokkast allar sem ábyrgðartegundir ásamt fleirum sem finnast á svæðinu.

Eitt af markmiðum svæðisskipulagsins er að bæta gróðurþekju og auka bindingu kolefnis í jarðvegi, með virðingu fyrir vistkerfum og landslagsupplifun. Hér er mikilvægt að notast sem mest við innlendar tegundir og fylgjast þarf með og koma í veg fyrir dreifingu framandi ágengra tegunda.

Náttúrufræðistofnun gaf út skýrslu í desember 2018, [Úttekt á náttúrufari vegna Suðurnesjalínu](#), og aðra í nóvember 2021, [Eldvarpavirkjun á Reykjaneskaga: úttekt á jarðminjum, vistgerðum, gróðri og fuglalíf](#). Báðar skýrslurnar veita góða samantekt á verndargildi jarðminja, gróðurfars, vistgerða og fuglalífs fyrir hluta af svæðinu og mikilvægt að niðurstöður úr þeim ásamt öðrum rannsóknum á svæðinu verði hafðar til hliðsjónar við ákvarðanatökur. Stofnunin er tilbúin til að veita frekari ráðgjöf út frá þessum þáttum.

Í tillögunni er nefnt að stefna svæðisskipulagsins er ekki líkleg til að hafa áhrif á óbyggð víðerni á Suðurnesjum. Verið er að vinna reglugerð um kortlagningu og skilgreiningu óbyggðra víðerna í Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu og því er það mat stofnunarinnar að ekki er hægt að fullyrða hver áhrifin verða á óbyggð víðerni fyrir reglugerðinni hefur verið lokið. Náttúrufræðistofnun telur þó líklegt að áform um nýtingu jarðvarma við Trölladyngju muni hafa áhrif á óbyggð víðerni svæðisins.

5.4 – Orkuvinnsla

Stefna samvinnunefndarinnar er að skoða skuli möguleika á orkuvinnslu á eftirtöldum háhitasvæðum á Suðurnesjum: Reykjanesi, Stóru Sandvík, Eldvörpum-Svartsengi, Trölladyngju, Sandfelli og Sveifluhálsi. Orkuvinnsla fylgja orkuflutningar. Hér eru talin upp nánast öll háhitasvæðin á Suðurnesjum og líkt og í fyrri umsögn er það mat Náttúrufræðistofnunar að í ljósi verndargildis þeirra er nauðsynlegt að hlífa einhverjum þeirra við nýtingu og frekar að stefna að verndun þeirra t.d. með friðlýsingu. Stofnunin er reiðubúin að veita frekari ráðgjöf um verndargildi háhitasvæða á Reykjanesi.

Lagt er til að skilgreina nýtt lagnabelti á svæðinu til að stuðla að öryggi innviða og mögulegrar framtíðartengingar. Samkvæmt umhverfismatsskýrslu er líklegt að tilfærslan á lagnabeltinu hafi neikvæð áhrif á landslag þar sem farið er um áður óröskuð svæði. Ekki er metið í umhverfismatsskýrslunni hver áhrifin á mögulega flutningsleið eru en ljóst er að leiðin sem liggur um Trölladyngjusvæðið fer að hluta til um lítt raskað land og nauðsynlegt er að meta áhrifin sem það rask mun hafa á verndargildi svæðisins, óbyggð víðerni og umhverfið. Náttúrufræðistofnun ítrekar nauðsyn þess að takmarka rask og neikvæð áhrif sem það hefur á náttúruna.

Kaflí 8 - Samfélag

„Útivistargildi Suðurnesja felast fyrst og fremst í því að meginhluti svæðisins er óraskaður og náttúran einstök. Fjölbreyttar landslagsmyndanir, jarðhitavirkni og lífríkið einstakt.“ Líkt og sagt var í fyrri umsögn þá er það því miður ekki rétt lengur að meginhluti svæðisins sé óraskaður og margt í svæðisskipulaginu sem miðar að því að raska lítt röskuðum svæðum enn frekar, eins og í kringum Trölladyngju. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög mikilvægt að í svæðisskipulaginu verði hugað að því að styrkja verndun helstu náttúruperla sem enn eru lítt raskaðar eins og áður hefur komið fram.

Samkvæmt tillögunni og umhverfismatsskýrslunni er ljóst að áform um áframhaldandi uppbyggingu og orkuvinnslu á Suðurnesjum hefur neikvæð áhrif á náttúruvinnur og landslag og breyta ásýnd svæðisins. Að mati Náttúrufræðistofnunar kemur friðlýsing svæða sterklega til greina, en friðlýsing er megin stjórnþæki svæðisbundinnar náttúruverndar skv. náttúruverndarlögum og ljóst að forsendur fyrir vernd af þeim toga eru sannarlega til staðar vegna hás verndargildis eins og áður kemur fram. Styrkja þarf vægi náttúruverndar á grundvelli þeirrar einstöku náttúru sem einkennir Suðurnesin og nauðsynlegt er að hlífa ákveðnum svæðum við frekara raski.



Virðingarfyllst,

Nína Aradóttir

Nína Aradóttir

Jarðfræðingur